

Svör starfsfólks í leikskólum um hvaða leiðir henti best til að efla sköpun

Aðgangur að fjölbreyttum efnivið

- Með því að hafa opinn og fjölbreyttan efnivið aðgengilegan sem börnin eiga auðvelt með að nálgast (í augnhæð barnanna).
- Hafa betri aðgengi af hlutum sem við notum í samfélaginu (t.d. fyrirmyndir barna í starfi). Eldhúsáhöld, smíðaverkfæri, rafmagns og vísindadót, tónlist og hljóðfæri.
- Bækur, hljóðfæri, búningar.
- Fjölbreytt leikefni.
- Stórir og litlir kubbar, verðlaust efni, búningar, hljóðfæri, blöð, litir og fjölbreytt leikefni aðgengilegt.
- Höfum spennandi og áhugaverðar bækur aðgengilegar í augnsýn barnanna.
- Börnin fá að koma með spennandi og áhugaverðar bækur að heiman.
- Sækjum efnivið út í náttúruna.
- Nýtum betur efni sem við sækjum í umhverfið – endurvinnum.
- Skiptum reglulega um þann efnivið sem við vinnum með.
- Gott aðgengi að listasmiðjum.

Sjálfsprottin sköpun

- Leyfum börnunum að vera með í ákvörðunum um viðfangsefnin. Hvetjum þau til að prófa sig áfram og hugsa út fyrir kassann.
- Leyfum börnunum að ákveða sjálf hvaða efnivið þau vilja nota og leiðum þau áfram við lausnarleit á þeirra forsendum.
- Verum vakandi fyrir hugmyndum barnanna. Gefum okkur tíma til að hlusta, grípa á hugmyndir á lofti og leyfa þeim að þróa þær áfram.
- Börnin fá að vinna meira á eigin áhugasviði.
- Treystum börnunum til að framkvæma eigin hugmyndir.
- Börnin fá að nota frjálssar aðferðir í myndsköpun og rými til að útfæra verkefni á sinn eigin hátt og að þau fá að skapa í orðum, t.d. sögur og ljóð.
- Gefum börnunum svigrúm og leiðsögn til þess að þróa leikræna tjáningu í hlutverkaleik og búa til leikrit og einnig dans og tónlist.
- Gefum börnunum rými og tíma.
- Leyfum börnunum að velja.
- Spyrjum opinna spurninga.
- Ekki brjóta upp leikinn. Leyfa sköpuninni að gerast.
- Meiri sögugerð þar sem byggt er á eigin reynslu barnanna.
- Minnum okkur stöðugt á að hlusta með opnum huga á börnin.

Ýmsar leiðir

- Notum könnunaraðferðina meira.
- Beitum leiklist og leikrænni tjáningu.
- Markviss útikennsla; Nýtum umhverfið til að læra, t.d. hugtök, stærðfræði og málið.
- Höfum verk barnanna sýnileg.

- Leikum meira með málið; bullorð og vísur, syngjum, rímum.
- Leyfum börnunum að leika sér með hljóðfæri og skapa sína eigin tónlist.
- Förum oftast með börnin á listasöfn og í fleiri vettvangsferðir.
- Ræðum saman í litlum hópum; umræðustundir þar sem börnin fá að tjá sig.
- Með jóga, slökun og hugleiðslu styrkjum við sterka sjálfsmynd sem leiðir til skapandi hugsunar.
- Höldum barnafundi.
- Sækjum innblástur í tónlist, myndlist, leiklist, hönnun, ólíka menningu.
- Fáum listamenn og aðra gesti í heimsókn.
- Fara oftast með börnin á menningarviðburði.
- Höldum námskeið og fræðslufundi um skapandi starf, heimsækjum aðra skóla (hér á landi og í útlöndum), deilum hugmyndum.
- Miðlum hugmyndum milli skóla.

Einnig þetta

- Við bjóðum upp á umhverfi og aðstæður sem ýtir undir skapandi hugsun. Við erum með hópastarf, flæði, söngsal, samverustundir, útikennslu, vettvangsferðir, hreyfingu. Allir fá að njóta sín á eigin forsendum. Við einblínum á það sem barnið getur gert ekki það sem það getur ekki gert. Við bjóðum upp á efnivið og tækifæri til að skapa. Fjölbreytileiki og frelsi til að skapa. Jákvætt umhverfi.
- Við ræðum við börnin hugmyndir þeirra og vegum og metum hvað gæti virkað og hvað ekki. Við gefum barni færi á að koma með sínar hugmyndir ... Þau yngri þurfa kannski að fá efnivið sem þau síðan vinna eftir sínu frumkvæði. Hvað vilja börnin gera í hópastarfi. Fá fram þeirra hugmyndir og reyna að framkvæma þær. Hvetjum alla til að hugsa út fyrir kassann. Sýna börnunum og því sem þau hafa að segja áhuga, spyrja og taka þátt. Frjálsi leikurinn er skapandi hugsum. Hlutverkaleikurinn er skapandi. Fara meira í leiki með börnunum. Gefa þeim tækifæri á að hafa fullt af efnivið. Spuni felur í sér óendanlega margar leiðir til að þjálfa ólíka þætti. Örvar alla og þjálfar í frumleika, fylgja eigin innsæi, sýna frumkvæði og margt fleira. Bjóða börnunum að leika án þess að vera með leikföng. Ýta undir skapandi hugsun. Mikilvægt að börn þjálfist ekki í því að gleyma sköpun og virku hugmyndaflugi. Nálgast áhugamál barnsins og efla það eins og mögulegt er með fjölbreyttu efnisvali. Gefa hlutverkaleik nægan tíma í skipulagi deildanna. Opna augu barnanna fyrir því að „drasl“ sem á að henda getur orðið að fallegu listaverki. Ekkert „fóstruföndur“ – leyfa börnunum að skapa þó að þér finnist það „ljótt“. Gefa listum tíma í skipulaginu, tónlist, dans, myndlist.